

# Minnisblað

Til:  
Frá: Brynjar Þór Jónasson  
Dags. 25. maí 2018  
Mnr. 2017050064



ÍSAFJARÐARBÆR

## Aðalgata og Eyrargata Suðureyri, skilavegir.

Meðfylgjandi er samningur um skil á þjóðvegum á Suðureyri frá Vegagerðinni til Ísafjarðarbæjar. Með gildistöku vegalaga nr. 80/2007 var skilgreiningu stofnvega breytt og félru þá rúmlega 50 km þjóðvega í þéttbýli ekki lengur undir þjóðvegakerfið. Með gildistöku laga nr. 14/2015, 10. gr. er Vegagerðinni heimilt að semja við sveitarfélög um yfirlæslu vega frá Vegagerðinni til sveitarfélaga sem færðust úr flokki stofnvega við gildistöku laga nr. 80/2007. Heimilt er að Vegagerðin annist veghald veganna eða semji við sveitarfélögin um það til ársloka 2019.

Samningur er á milli Vegagerðarinnar og Ísafjarðarbæjar um veghald umræddra vega og greiðir Vegagerðin Ísafjarðarbæ árlega fyrir veghald. Í meðfylgjandi samningi er þar engin breyting á, Vegagerðin mun greiða fyrir veghald, eins og áður hefur verið, til ársloka 2019 í samræmi við lög nr. 14/2015, auk þess er Ísafjarðarbæ boðnar tvær milljónir króna til að standa straum af kostnaði við hraðatakmarkandi aðgerðir á umræddum vegum.

Undirritaður telur mikilvægt að Ísafjarðarbær fari með forræði umræddra vega og ráðist verði í hraðatakmarkandi aðgerðir án tafar. Undirritaður leggur til að bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykki meðfylgjandi samningur milli Vegagerðarinnar og Ísafjarðarbæjar.

  
Brynjar Þór Jónasson  
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs